



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1313

FUNDARBOÐ

1313. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
12. maí 2020 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2004032 - Ársreikningur 2019 - ábyrgða- og skuldbindingaryfirlit

Óskað er eftir staðfestingu bæjarstjórnar Akraness á ábyrgða- og skuldbindingayfirlit í sundurliðunarbók ársreiknings Akraneskaupstaðar vegna ársins 2019.

2. 2004036 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - A hluti. Síðari umræða.

1.1 Aðalsjóður

1.2 Eignasjóður

1.3 Byggðasafnið í Görðum

1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar

Rekstrarniðurstaða A-hluta, fyrir óreglulega liði, er jákvæð um 623,1 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 243,8 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta með óreglulegum liðum er jákvæð um 657,6 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 367,3 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í mkr. er 1.718 en nam 1.183 m.kr árið 2018.

Skuldaviðmið er 23% en var 26% árið 2018.

EBITDA framlegð er 8,38% en var 11,7% árið 2018.

Veltufé frá rekstri er 16,84% en var 21,4% árið 2018.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 89% en var 92% árið 2018.

Eiginfjárhlutfall er 57% en var 55% árið 2018.

Veltufjárhlutfall er 2,33 en var 2,75 árið 2018.

3. 2004035 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - B-hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar - B hluti. Síðari umræða.

2.1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.

2.2. Gáma

2.3. Háhiti ehf.

2.4. Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Rekstrarniðurstaða B-hluta var neikvæð um 1,9 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 12,9 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

4. **2004034 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - samstæða**

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2019. Síðari umræða

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, fyrir óreglulega liði, var jákvæð um 621,2 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 231,0 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar með óreglulegum liðum var jákvæð um 655,6 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 354,4 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í m.kr. er 1.721 en nam 2.081 m.kr. árið 2018.

Skuldaviðmið er 23% en var 26% árið 2018.

EBITDA framlegð er 7,83% en var 10,80% árið 2018.

Veltufé frá rekstri er 15,27% en var 19,49% árið 2018.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 84% en var 87% árið 2018.

Eiginfjárhlutfall er 55% en var 53% árið 2018.

Veltufjárhlutfall er 2,19 en var 2,52 en árið 2018.

Bæjarráð staðfesti samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn Akraness að reikningurinn og ábyrgðar- og skuldbindingayfirlit vegna ársins 2019 verði samþykkt.

5. **2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. mars sl. viðauka nr. 7 við fjárhagsáætlun ársins 2020 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð um kr. 138.843.000 vegna samþykktar kjarasamnings Verkalýðsfélags Akraness og Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og er mætt með tilfærslum af deildunum Óviss útgjöld innan hvers málaflokks sem og deildinni Laun, óúthlutað 20830-1697 en nánari sundurliðun ráðstafanna er að finna í fylgiskjali. Viðaukinn felur í sér tilfærslu á milli liða í áætluninni og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

6. **2004189 - Atvinnuátaksverkefni**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 7. maí sl. að veita samtals að hámarki 25,0 mkr. til átaksverkefnis til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn en fjárheimildin miðast við ráðningu í alls 50 störf í tvo mánuði. Fjárhæðinni verður mætt með lækkun rekstrarafgangs og vísað til viðaukasamþykktar í bæjarstjórn Akraness. Samþykktin er einnig gerð með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárukalögum.

7. **1912062 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020-2023**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 7. maí sl. flýtiframkvæmdir samkvæmt endurskoðaðri fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins, alls kr. 200,301.000 í fjárfestingu og kr. 100.781.000 í gjaldfærðar framkvæmdar.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 12 að þessari fjárhæð og skal eignfærða hlutanum ráðstafað á verkefni og gjaldfærða hlutanum inn á málaflokka og deildir samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali.

Kostnaðarauka vegna eignfærslu verður mætt með lækkun á handbæru fé og kostnaðarauka vegna gjaldfærslu verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi. Bæjarráð vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

8. 2005001 - Deiliskipulag Sementsreits - Suðurgata 126

Umsókn um að heimila sjúkraþjálfun á efri hæð hússins. Grenndarkynnt var fyrir Jaðarsbraut 3, Skagabraut 24 og Suðurgötu 124. Eigendur hafa sent inn samþykki sitt fyrir framkvæmdinni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

9. 1904033 - Aðalskipulag Tjaldsvæði - við Kalmansvík

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 2. mars til og með 15. apríl 2020.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

10. 1904037 - Deiliskipulag Tjaldsvæði við Kalmansvík

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 2. mars til og með 15. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt og sent Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

11. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3414. fundargerð bæjarráðs frá 30. apríl 2020.
3415. fundargerð bæjarráðs frá 5. maí 2020.
3416. fundargerð bæjarráðs frá 7. maí 2020.

12. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

129. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 5. maí 2020.

13. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

152. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 27. apríl 2020.
153. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 4. maí 2020.

14. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

126. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 6. maí 2020.

15. 2002057 - Fundargerðir 2020 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga

881. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. apríl 2020.
882. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2020.

16. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

192. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 8. maí 2020.

17. 2001008 - Fundargerðir 2020 - SSV

153. fundargerð SSV frá 29. apríl 2020.

Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.